

75 ára:

Sr. Garðar Svavarsson fyrrv. sóknarprestur

Fyrir 45 árum, nánar tiltekið haustið 1936, hefst nýr og merkur menningarþáttur í Laugarneshverfi. Þá byrjar kirkjulegt starf í þessum bæjarhluta, messugjörðir, barnastarf og húsvitjanir. Þessi borgarhluti var þá í örum vexti og tilgangurinn að gefa fólki tækifæri til að sækja guðspjónustur nær en verið hafði. Fyrst var messað í Laugarnesskóla sem þá hafði aðeins verið reistur hluti af. Til að annast þetta starf var ráðinn ungur prestur af Austurlandi, séra Garðar Svavarsson. Þessi ráðning var á vegum Dómkirkjusafnaðarins og aðeins til næsta vors. Þetta kirkjulega starf hlaut góðar undirtektir og heppnæðist mjög vel. Engum datt í hug að leggja það niður eftir að það var hafið. Vafalaust má þakka hinum unga og áhugasama presti það, að þetta brautryðjandastarf í Laugarnesi varð vinsælt og tókst vel.

Séra Garðar gerði sér far um að kynna fólkinu. Þá var kreppan illræmda í algleymingi og víða mikill skortur. Séra Garðar hefur sjálfur lýst hinni sáru fátækt sem víða blasti við. Ég hef fundið að þetta hafði mikil áhrif á hinn unga prest. Veraldargæðin voru þá sannarlega af skornum skammti hjá almenningi en hjartalag fólksins, það var gott. Húsvitjanir prestsins í Laugarnesi vöktu athygli og munu hafa haft mikil áhrif.

Á þessum árum voru margir farnir að sjá nauðsyn þess að fjölga sóknum og prestum í Reykjavík. Árið 1935 er lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um það efni. Flutningsmaður var Pétur Halldórsson, síðar borgarstjóri. Þetta frumvarp dagaði uppi og fékk ekki afgreiðslu.

Eftir að almennar guðspjónustur voru hafnar í Laugarnesskólanum tók að skapast meiri áhugi og einbeittni um að fjölga sóknum og byggja kirkjur í borginni.

Þáttaskil verða í safnaðarmálum Reykjavíkur árið 1940. Með lögum frá 7. maí 1940 voru stofnuð þrjú ný prestaköll í Reykjavík. Eitt þeirra var Laugarnesprestaköll. Það er enginn vafi á því, að hið kirkjulega starf séra Garðars í Laugarnesi flýtti fyrir þessari þróun.

Í 40 ár var séra Garðar prestur í Laugarnesi. Fyrstu fjögur árin á vegum Dómkirkjusafnaðarins, en frá 1940 til 1976 var hann prestur Laugarnessafnaðar. Árið 1976 lét séra Garðar af embætti fyrir aldurs sakir. Það var ekki lítils virði fyrir Laugarneshverfið að hafa sama prestinn svo lengi. Prest sem alltaf var jafn áhugasamur, fórnífús og brennandi í andanum. Þessu fylgdi viss kjölfesta og stöðugleiki.

Séra Garðar kastaði ekki höndunum að því sem hann gerði. Allar kirkjulegar athafnir lagði hann mikla rækt við og sparaði hvorki tíma né erfiði. Trúverðugri og skylduræknari embættismann var vart hægt að hugsa sér.

Bygging Laugarneskirkju var mikið þrekvirki á þeim tíma og sóknarpresturinn lá sannarlega ekki á liði sínu í því sambandi. Það var mikil gleði- og hátíðarstund er kirkjan var vígð 18. desember 1949.

Séra Garðari var lengi ljóst að messugjörðir í kirkju og aðrar helgiathafnir er ekki nóg í nútíma þjóðfélagi. Margs konar starfsemi, sérstaklega fyrir unglinga og aldrad fólki, verður kristinn söfnuður í dag að leysa af hendi. Það var því brennandi áhugamál séra Garðars að koma upp safnaðarheimili. Ýmsir annmarkar urðu á veginum viðvíkjandi staðarval heimilisins.

Um það ætla ég ekki að ræða hér. En séra Garðar var alltaf ótraudur að reyna að leysa þann vanda. Safnaðarheimilismálið var hans hjartans áhugamál. Það skipti engu máli þó að hann sæi, að hann nyti þess ekki sjálfur að starfa í hinu nýja heimili. Þar kom vel fram hans óeingingirni.

Þó að séra Garðar sé hættur að gegna opinberum embættisstörfum þá er hann, sem betur fer, ekki alveg sestur í helgan stein. Það sýna m.a. hinar hugljúfu endurminningar hans er við höfum fengið að hlýða á í útvarpinu undanfarnin sumur og vonandi verður framhald á. Enn í dag er séra Garðar fullur af áhuga og ljómar af eldmóði.

Dagleg umgengni séra Garðars einkennist af glöðværdi, virðuleik, kurteisi og snyrtimennsku. Í 40 ár setti hann sterkan svip á Laugarnesið og raunar meira en Laugarneshverfið. Margir minnst prestsins í Laugarnesi hjólandi meðfram sjónum vestur í bæ og jafnvel alla leið út á Seltjarnarnes.

Kona séra Garðars, frú Vivan, er gáfuð og mikilhæf kona. Ég veit að hún var manni sínum ómetanleg stöð og stytta í hans kirkjulega starfi.

Séra Garðar. Á 75 ára afmæli þínu færi ég þér hugheilar þakkir fyrir vináttu þína og allt sem þú hefur gert fyrir Laugarnessöfnuð.

Ég óska þess af alhug að ævi ykkar hjóna megi verða friðsæl og fögur um ókomin ár.

Þorsteinn Ólafsson

Þegar við guðfræðistudentarnir frá því eftirminnilega merkisári — Alþingishátíðarárinu 1930 — mættum til náms í háskólanum um haustið, var okkur tekið opnum örmum af próffessorunum, Sívertsen, Magnúsi og Ásmundi. Þá voru viðtökurnar ekki síður ástúðlegar af hálfu stúdentanna, sem fyrir voru í deildinni — þeir voru ekki margir — en þetta var góður og glaður hópur, eins og stúdentum ber að vera, þrátt fyrir erfiði ytri kjör, uppsiglandi kreppu og almennt auraleysi.

Einn af stúdentunum var Reykvikingurinn, austurbæingurinn, Garðar Svavarsson. Við höfðum lítið kynnst í skóla, þ.e. Menntaskóla, en þeim mun meiri hafa kynni okkar orðið eftir að leiðir lágu saman í háskólanum. Og svo hefur verið jafnan síðan, þótt stundum hafi verið „vík milli vina“.

Og árin hafa líðið með ýmsum tilbrigðum daglegs lífs og stærri atburða, en góðhugur traustrar vináttu hefur verið samur við sig.

Og nú er sr. Garðar orðinn 75 ára, því að fæddur er hann austur á Fáskrúðsfirði 8. sept. 1906. Á barnsaldri fluttist hann til höfuðstaðarins, og þótt hann sé ekki innfæddur er hann heill og sannur Reykvikingur, búandi við sjálfan Laugavegin í háu herrans tíð. Hann er því einn af þeim mörgu, sem hafa fylgst með þróun og vexti bæjarins og síðan borgarinnar, og kynni frá mörgu að segja um fyrri tíma, bæði frá mönnum og málefnum.

Sjálfur hefur sr. Garðar átt ríkan þátt í að móta eitt mikilvægt svið í stækkun Reykjavíkur, og það ekki sem minnst um vert í sérhverju samfélagi, það eru vitanlega kirkjumálin.

Við hin eldri munum það þegar kirkjurnar tvær — við Austurvöllinn og Tjörnina — voru einu guðshús lúterskra í Reykjavík, meðan byggðin þandist út og fólkinu fjölgaði ódfluga. Loks var hafist handa, mynduð ný prestaköll, byggðar nýjar kirkjur. Þar

var sr. Garðar í hópi frumherjanna — dugmikill í starfi, einlægur í þjónustunni, brennandi af áhuga fyrir framgangi hinna góðu málefna og háu hugsjóna. Þá sögu er óþarft að rekja.


Oft var ég í kirkju hjá sr. Garðari. Þar var fluttur ákveðinn boðskapur byggður á orði Guðs, hollar áminningar, uppröfandi hvatning, heilnæm kenning.

Svo leið að hinum miklu tíma-mótum í lífi prestsins á Laugarnesi. Aldurstakmark opinberra embættismanna var náð — starfinu var lokið. En margs er að minnast frá liðinni tíð á öld hinna öru breytinga. Þess höfum við útvarpshlustendur notið. Við höfum fengið að skyggjast inn á önnur svið í ævi sr. Garðars — t.d. embættisárin á Djúpvaggi. Og enn lengra aftur í tímann: rjómasturur í Hraungerði, messadrengrur á Gullfossi, símlagningamaður á Skeiðarársandi. Eftirminnilegum myndum með skærum, djörfum litum hefur verið brugðið upp. Frásagnargleðin, samfara nákvæmri lýsingu hefur ekki brugðist. Mættum við fá meira að heyra. Vonandi — enda er aldurinn ekki hár ennþá — 75 ár — eins og áður er sagt.

Og þá er komið að tilgangi þessa greinarkorns að óska sr. Garðari heilla og blessunar á þessum heildursdegi og þakka honum trausta vináttu langrar og góðrar kynningar. Það fer vel á því að enda þess línur með stöku úr kunnugu ljóði Steingríms, — Lífs-hvöt —

Líf er herfor ljóssins,
líf er andans stríð.
Sæk til stigurhróssins,
svo er ævin fríð.

G.B.



foráttu. Jafnvel hjú þeirra og húsdýr goldið húsbændanna. Vinnuáðurinn „drembinn þræll“ og áburðarklárinn „meiddur hestur“. Svo mætti lengi telja, því „margir kjósa eigi orð á sig“, einsog segir í fornu máli. En nú skal bregða hinu betra í prestatali og víkja frekar að nafngipt þeirri er lýst var í upphafi máls og hér verður talin sæmdarheiti.

Þótt ég teljist eigi til sóknarbarna séra Garðars Svavarssonar hefir hann verið mér vegprestur í jákvæðri merkingu þess orðs, og nefni ég hann það stundum í huganum. Við hittumst oft á förnunum vegi. Þær furðuverur eru enn til í Reykjavík er unna gönguferðum og útivist. Stundum ber fundum okkar saman á Laugavegi, stundum í Austurstræti, eða hvar annarsstaðar er vera kann, í ys og þys borgarstræta. Þótt poppmúsik hátalara ymji í eyrum, bifreiðaflaut og blámóða ökutækja æri og ógni, þá lætur séra Garðar það lönd og leið.

Stutt samverustund, kyrrlát kunningjaspjall í hávaða hversdagsins, á gangstétt, eða við gatnamót, verður grænn blettur og gróðurvin í eyðimörk malbiksins. Allt minnisstætt og þakkarvert í huganum.

Séra Garðar er sviflétur í spori og kvikur í hreyfingum. Hann vekur athygli þeirra er leggja leið sína um götur borgarinnar.

Snyrtimennska hans, glaðlegt viðmót, þróttur hans og bjart lífsviðhorf mætti verða mörgum fyrirmynd. Ungur setti hann sér það takmark að þjóna með háttvísi. Það hefir hann gert á vegferð sinni, hvort sem starf hans hefir verið við eikarskæninn í messanum á gamla Gullfossi „með fannhvítan dúk og ljósfælinn hulduher“ eða í uppljómaðri sóknarkirkju við altari og í predikunarstól. Þótt hann hafi setið við menntabrunna háskóla og numið fræði sín af þjóðskörungum kristinnar kirkju hefir honum reynst eigi síðra veganesti alþýðleg speki þriðja meistarara er knúði aflvélara gamla Gullfoss í vélarrúmi á skipsbotni „að það eitt upphæfi manning, sem upphæfi hug hans“. Og viljastyrkur og skaphófn Herborgar rjómabústýru í Hróars-holti er var „kyrrlát, einbeitt og yfirlætislaus“ kann með greind sinni og göfgi að hafa átt eigi síðri þátt í lífsviðhorfi, en háttsettir menn og meistara lærðra skóla.

Séra Garðar flutti nýverið frásögðum Ríkisútvarpið. Minningar barnsku, æsku- og unglingsára. Ég gætti þess jafnan að fylgjast með þáttum hans. Þeim er til þekktu kom eigi á óvart þótt kippti í kyn skálda í stíl og efnismeðferð. Þar kom glögg fram svipmót austfirska skálda er hann tengist ættarbondum. Kliðmjúkur stíll, lipurð og léttleiki í frásögn, myndríkt mál. Og einhverstaðar, eigi fjarri, var tryggðarvinurinn trausti, skrifarinn á Stapa, Páll Pálsson, ráðhollur og góðviljaður.

Við heyrðum Hannes pósti þeyta lúður sinn. Það ómuðu margræddaðir kveðjusöngvar kóra á hafnarbakkanum í Reykjavík millistríðsáranna. Þar var keltneskur þungi Guðmundar bónda og norræn birta séra Ólafs í Hraungerði. Þar mátti heyra mykt fíðlunnar og einlægni í þjónustunni. Þar risu sólarfjöll sumarsveitar og fjallháar öldur næturinnar hnigu í Ægi.

Nú, er þau hjónin, séra Garðar og frú Vivan sitja í septembersólinni og horfa á haustgeisla ljóma á leikvelli, er þeim óskað þess af kunningjum og vinum, að þau eigi enn marga sólskinsdaga saman.

Pétur Pétursson þulur

Sr. Garðar tekur á móti gestum sínum í Snorrabæ kl. 4–7 í dag.

„Gamla torfhleðslan hefur alltaf átt ítök í mér“

– segir Ása Ólafsdóttir, sem sýnir myndvefnað að Kjarvalsstöðum

Ása Ólafsdóttir er búsett í Gautaborg í Svíþjóð og hefur þar vinnustofu. Tvö undanfarnin ár hefur hún

getað helgað sig myndvefnaði nær eingöngu, hún hefur þó kennt einn dag í viku við Kursverksamhetens Konstskola Göteborgs Universitet.

Ása lauk námi frá Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árið 1973 og kenni síðan myndvefnað við sama skóla í 3 ár. Hún stundaði síðan framhaldsnám við Konstindustri-skolan Göteborgs Universitet árin 1976 til 1978.

Hún hefur tekið þátt í fjölda sam- og hópsýninga bæði á Íslandi og í Svíþjóð.

Áð sögn segist hún vinna einkum með íslenska og norska ull. Hún lítur garnið sitt sjálf, því annars segist hún ekki fá þá líti, sem hún vill nota í verk sín. Þetta sé eina leiðin ef hún vilji leika sér eitthvað með litina.

Áðspurð hvers vegna hún kjósi fremur að vinna í Svíþjóð en á Íslandi, sagði Ása að það væri alltaf gott að komast í burtu og sjá það sem aðrir eru að gera. Það skerpi líka sýnina á land og þjóð og geri áhrifin sterkari. Annars sagði Ása, að sig væri farið að langa til að koma heim aftur.

Mikil vinna liggur að baki sýningunni að Kjarvalsstöðum en ánægjan yfirskyggði erfiðid, sagði hún ennfremur.

Sagði hún einnig mörg verkanna, sem þarna væru til sýnis afar persónuleg en flest eru þau unnin undanfarnin tvö ár en það elsta er frá árinu 1976.



Ása Ólafsdóttir sýnir myndvefnað að Kjarvalsstöðum, hér er hún við eitt verka sinna.